

Akureyri 14. Mars 2014

Til: Umhverfis og samgöngunefndar  
Alþingi

**Efni.** Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands var haldin á Selfossi 11. mars 2014. Fundurinn samþykkti eftir farandi ályktun.

**Ályktun.** Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn á Selfossi 11. mars 2014, styður eindregið þá tillögu umhverfis- og auðlindamálaráðherra, að taka náttúruverndarlög sem ganga áttu í gildi þann 1. apríl n.k. til gagnerrar endurskoðunar. Félagið vísar til fyrri umsagna sinna og annarra fagaðila í skógrækt um lögin á meðan þau voru til umfjöllunar.

**Greinargerð.** Félagið lýsir sig reiðubúið til að vinna með stjórnvöldum að bættri löggjöf á sviði skógarmála, náttúru- og umhverfisverndar og bendir á að fyrstu náttúruverndarlögin voru „Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands“ sem samþykkt voru af Alþingi árið 1907. Skógargeirinn býr því að langri reynslu um hvernig virkja má þjóðfélagið til góðra verka.

Fyrir hönd Skógfræðingafélags Íslands

Bergsveinn Þórsson, formaður



*Skógfræðingafélag Íslands er faglegt hagsmunafélag sem hefur það að meginmarkmiði að vera:*  
*a) málsvari skógfræðinga, b) efla samheldni og stuðla að bættri faglegri, fjárhagslegri og félagslegri*  
*aðstöðu þeirra og c) upplýsa aðra um menntun, færni og þekkingu skógfræðinga og vekja með því*  
*áhuga á starfsvettvangi þeirra.*